

## REGLUGERÐ

### um (2.) breytingu á reglugerð nr. 160/2012 um útdráttarleysa til notkunar við framleiðslu matvæla og innihaldsefna í matvælum.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á II. hluta I. viðauka við reglugerðina:  
Á eftir færslunni fyrir hexan kemur ný færsla, svohljóðandi:

2-metýloxólan	Framleiðsla eða þætting fitu og olíu og framleiðsla á kakósmjöri	1 mg/kg í fitu eða olíu eða kakósmjöri
	Tilreiðsla á fitusneyddum prótínafurðum og fitusneyddu mjöli	10 mg/kg í matvælum sem innihalda fitusneyddar prótínafurðir og fitusneytt mjöl
		30 mg/kg í fitusneyddum sojaafurðum eins og þær eru seldar til lokaneytanda
Tilreiðsla á fitusneyddu kornkími	5 mg/kg í fitusneyddu kornkími	

#### 2. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á III. hluta I. viðauka við reglugerðina:  
Á eftir færslunni fyrir hexan kemur ný færsla, svohljóðandi:

2-metýloxólan	1 mg/kg
---------------	---------

#### 3. gr.

Nýr IV. hluti bætist við I. viðauka reglugerðarinnar, svohljóðandi:

#### IV. HLUTI

##### Sértæk hreinleikaskilyrði fyrir útdráttarleysa sem eru tilgreindir í I. viðauka:

<b>2-metýloxólan</b>	
CAS-númer	96-47-9
Magngreining	Innihald minnst 99,9%, gefið upp miðað við þurrt efni
<b>Hreinleiki</b>	
Fúran	Ekki meira en 50 mg/kg (gefið upp miðað við þurrt efni)
2-metýlfúran	Ekki meira en 500 mg/kg (gefið upp miðað við þurrt efni)
Etanól	Ekki meira en 450 mg/kg (gefið upp miðað við þurrt efni)

#### 4. gr.

Reglugerðin er til innleiðingar á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/175 frá 26. janúar 2023 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/32/EB um metýloxólan. Tilskipunin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 217/2023, frá 22. september 2023. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 79, frá 2. nóvember 2023, bls. 410.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995, um matvæli.  
Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Matvælaráðuneytinu, 29. nóvember 2023.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

Iðunn María Guðjónsdóttir.

—————  
B-deild – Útgáfudagur: 30. nóvember 2023